

80. fundur hjá veitustjórn Bláskógaveitu, haldinn í Aratungu þann 4. október 2017, klukkan 16:00.

Mættir eru: Kjartan Lárusson, formaður, Axel Sæland, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Benedikt Skúlason veitustjóri og Bjarni Daníelsson sem ritaði fundargerð.

Efni fundar:

1. Umsóknir um inntök á heitu og köldu vatni

Nafn kennitala staður umsókn

Jón Harrý Njarðarson kt. 160867-4779, Brattholt 801, kalt fyrir 4 íbúðarhús, 35 herbergja hótél, hesthús og fleira, ákvörðun frestað þar til framkvæmda- og kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Svavar Njarðarson kt.-----, Gullfossi 801, kalt 3.000 m³, ákvörðun frestað þar til framkvæmda- og kostnaðaráætlun liggur fyrir.

HS Orka kt. 680475-0169, Brú(brúárvirkjun), 801, vinnubúðir, Kanna hvort það þurfi fast númer til að geta tekið ákvörðun um bráðabirgðartengingu.

Stök Gulrót kt. 440907-0910, Eiríksbraut 7, 801, Sumarhús, **samþykkt.**

Stök Gulrót kt. 440907-0910, Eiríksbraut 5, 801, Sumarhús, **samþykkt.**

Sveinlaugur Kristjánsson kt. 170152-4419, Snorrastaðir, færa grind úr skúr í grind á vesturgaflinn, **samþykkt.**

Knútur Ármann kt. 140970-5229, Friðheimar, 801, tenging við eldri heimæð, **samþykkt.**

Markaðslausnir 560109-0240, Bæjarholt 7, 801, heitt og kalt, **samþykkt.**

2. fara yfir stöðuna á fyrirhugðu vatnsbóli í Fljótsbotnum, viðræður við Skógræktina og samningar
Eybór hefur verið að vinna að tæknilegri útfærslu á veitunni og var fenginn til að fara yfir stöðumat á henni með tillit til framkvæmda.

Eybór leggur það til að rennslið í lögninni verði mælt til að fá raunrennsli lagnarinnar. Út frá því verði tekin ákvörðun um framtíðarframkvæmdir.

Tímaáætlun:

20 október Rennslismælingar. Við Brú þar sem til stendur að fara inn á lögnina fyrir vinnubúðir.

27 október. Niðurstöður liggja fyrir hjá Eybóri og hvort GOGG sé tilbúið að taka þátt í framtíðarsýn vatnsveitunnar.

Í framhaldi verður haldinn fundur til að ákvarða framhaldið.

3. Hugmyndir um að GOGG fái að tengjast vatnsveitunni.

Gunnar oddviti GOGG hefur lýst yfir ríkum vilja til að skoða að tengjast Bláskógaveitu og koma að framtíðar framkvæmdum. Ljóst er að miðað við núverandi kerfi er ekki hægt að tengjast Bláskógaveitu. Ákveðið er að setja upp sviðsmyndir með hagsmuni Bláskógabyggðar og síðan skoða hvort það dugi til að uppfylla vatnspörf GOGG. Ákveðið að rannsaka málið betur og lýst er vilja til viðræðna um framtíðarsýn kaldavatnsveitu í uppsveitum Árnassýslu.

4. Beiðni um lagningu kaldavatnsveitu um Vörðuhlíð. Framhald um stöðu mála.

Beiðni er eftir niðurstöðu af ákvörðun eigenda vatnsbóls um aðgang að því. Einnig er ítrekað að allir sumarhúsaeigendur í Vörðuhlíð verða að vera með til að Bláskógaveita geti tekið efnislega ákvörðun.

5. Staðan á samningsferli við Ríkið um hitaveituna á Laugarvatni.

Málið er í bið hjá Menntamálaráðuneytinu en áhersla er lögð á að samningar verði kláraðir fyrir áramót 2017/18.

6. tillaga frá Fontana um að breyta girðingu um hverinn.

Veitustjórn samþykkir að Fontana megi skipta út girðingunni fyrir nýja sem uppfyllir allar öryggiskröfur sem settar eru fram.

7. Önnur mál,

Framhald af umræðu um ósk um aðgang að slökkvivatni vegna Brúarvirkjunar.

Samkvæmt ráðum Eypórs hjá tæknisviði uppsveita, þá muni slík tenging þrýstifella alla þessa kaldavatnsveitu sem sinnir stórum hluta Biskupstungna. Samkvæmt því mati og núverandi stöðu veitunnar hafnar veitustjórn umsókninni.

Fastir fundatímar.

Ákveðið er að festa fyrsta miðvikudag í mánuði fyrir veitufund kl. 16:00.

Álestur, leiðir til framtíðar.

Samþykkt er að auglýsa eftir starfsmanni í tímabundið starf til að lesa af mælum og fleira. Veitustjóra falið að skoða hvernig best verður að þessu staðið og móta leiðir til framtíðar.

Breyting á verkferlum, láta Guðnýju skoða umsóknir áður en þær eru samþykktar. Ástæðan er að tryggja þarf að hægt sé að innheimta skv. fastanúmeri.

Kaup á gps tæki til að skrásetja lagnir veitunnar. Ákveðið er að bera það undir sviðsstjóra að skipta kostnaði við kaupin á kaldavatnsveitu, heitavatnsveitu og fráveitu. Kostnaðurinn er áætlaður um 1,5 milljónir.

Ekki fleira tekið fyrir á fundinum. Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:07

Arxel Sæland
Kolleinn Sveinbjörnsson
Pjetar Lússon

Benedikt Þorláksson
Byrður